

Erindisbréf menntaráðs

I. Stjórnskipuleg staða

1. gr.

Menntaráð Reykjanesbæjar, sem starfar samkvæmt 6. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008, telst til fastanefnda Reykjanesbæjar, sbr. V. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og ákvæði samþykktu um stjórn Reykjanesbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar. Menntaráð skal starfa í samræmi við þau lög og reglur sem um það gilda, samþykktir Reykjanesbæjar og erindisbréf þetta.

II. Lög og reglur

2. gr.

Samkvæmt 6. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008 skal bæjarstjórn kjósa skólanefnd í upphafi hvers kjörtímabils. Um kosningu í skólanefnd og starfshætti fer samkvæmt sveitarstjórnarlögum og samþykktum sveitarfélags. Menntaráð fer með málefni grunnskóla í umboði sveitarstjórnar.

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 skal nefnd, kjörin af sveitarstjórn, fara með málefni leikskóla í umboði sveitarstjórnar.

Menntaráð Reykjanesbæjar skal fara með ofangreinda málaflokka, auk Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Menntaráð fer með málefni framangreindra skóla í umboði bæjarstjórnar Reykjanesbæjar eftir því sem nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu. Um störf menntaráðs gilda ákvæði V. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og ákvæði samþykktu um stjórn Reykjanesbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 622 frá 18. júní 2019, með síðari breytingum.

Erindisbréf þetta byggir að auki á ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og eftir atvikum ákvæðum annarra laga og reglugerða sem ná til málaflokka menntaráðs. Menntaráð skal við undirbúning mála og stjórnvaldsákvarðana gæta þess að farið sé að stjórnarsýslulögum og reglum um vandaða stjórnarsýslu.

Ef það er misræmi milli efnis erindisbréfs, annars vegar, og laga, reglna og samþykktu Reykjanesbæjar, hins vegar, skulu hinar síðarnefndu reglur gilda.

Í erindisbréfi þessu vísar orðið „skóli“ til allra framangreindra skóla sem menntaráð fjallar um.

III. Skipan og umboð

3. gr.

Menntaráð Reykjanesbæjar er kosið af bæjarstjórn Reykjanesbæjar, á fyrsta eða öðrum fundi, að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

4. gr.

Menntaráð Reykjanesbæjar er skipað fimm fulltrúum í samræmi við 57. gr. A samþykktar um stjórn Reykjanesbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 622/2019, með síðari breytingum, og jafn mörgum til vara. Ráðið er kosið til fjögurra ára og skiptir það með sér verkum á fyrsta fundi sínum.

Rétt til setu á fundum ráðsins sem áheyrnarfulltrúar með málfrelsi og tillögurétt eiga:

Einn fulltrúi skólastjóra grunnskóla.

Einn fulltrúi grunnskólakennara.

Einn fulltrúi frá foreldrafélagi FFGÍR.

Einn fulltrúi leikskólastjóra.

Einn fulltrúi leikskólakennara.

Einn fulltrúi foreldra barna í leikskólum.

Einn fulltrúi ungmennaráðs Reykjanesbæjar

Bæjarráð úthlutar fjárhagsramma til ráðsins vegna fjárhagsáætlunar fyrir hvert starfsár.

IV. Málaflokkar og verkefni

5. gr.

Menntaráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um stefnumörkun á sviði menntamála Reykjanesbæjar. Ráðið fylgist með því að deildir og stofnanir þess vinni að settum markmiðum, veiti góða þjónustu og að starfsemin sé skilvirk og hagkvæm.

Menntaráð gerir tillögu til bæjarstjórnar um stefnumörkun á sviði menntamála Reykjanesbæjar. Ráðið fylgist með því að skólarnir vinni að settum markmiðum, veiti góða þjónustu og starfsemin sé skilvirk og hagkvæm. Menntaráð skal í störfum sínum stuðla að farsæld barna og ungmenna.

Menntaráð vinnur að markmiðum sínum með stefnumótandi samþykktum og ákvörðunum sem taka mið af samþykktri stefnu menntaráðs og bæjarstjórnar í málefnum varðandi menntamál.

6. gr.

Helstu verkefni sem menntaráð hefur yfirumsjón með eru:

- a) hefur eftirlit með að öll börn í Reykjanesbæ njóti lögboðinnar fræðslu og umönnunar. Í störfum sínum ber menntaráði að vinna að því að allir nemendur njóti sem bestar aðstöðu og jafnra tækifæra til náms og að skólinn veiti sérhverjum nemanda fræðslu og umönnun eftir aldri sínum og þroska og í samræmi við gildandi aðalnámskrár á hverjum tíma,

- b) hefur eftirlit með skólapijónustu leik- og grunnskóla en í henni felst annars vegar stuðningur við nemendur og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leik- og grunnskóla og starfsfólk þeirra,
- c) hefur eftirlit og umsjón með málefnum dagforeldra,
- d) staðfestir starfsáætlun allra skóla sveitarfélagsins,
- e) fylgist með framkvæmd náms og kennslu í sveitarfélaginu og gerð skólanámskrár og gerir tillögur til skólastjóra og/eða bæjarstjórnar um umbætur í skólastarfi,
- f) stuðlar að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar,
- g) hefur eftirlit með að jafnan sé fyrir hendi fullnægjandi húsnæði og annar útbúnaður. Menntaráð, ásamt skólastjórum, lítur eftir að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða á þessu sviði og gerir tillögur til bæjarstjórnar um úrbætur,
- h) gerir tillögu til bæjarstjórnar um skipulag skólamála í bænum,
- i) hefur eftirlit með og stuðlar að því að skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðipjónustu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir,
- j) hefur eftirlit með að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt og gerir tillögur til bæjarstjórnar um úrbætur,
- k) lætur mennta- og barnamálaráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sitt, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur,
- l) hefur eftirlit með skólatengdu starfi sem veitt er í skólunum utan skólatíma svo sem Fristund fyrir börn í 1. - 4. bekk í grunnskóla og fatlaða nemendur í 5. – 10. bekk í grunnskóla,
- m) hefur eftirlit með skólaakstri nemenda,
- n) hefur eftirlit með að til séu sem gleggstar upplýsingar um skólamál í sveitarfélaginu og að bæjarbúar hafi aðgang að upplýsingum um þá þjónustu sem í boði er,
- o) hefur heimild til að setja á laggirnar starfshópa á sviði menntamála til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra starfsnefnda fellur niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Menntaráð getur einnig afturkallað umboð slíkra starfsnefnda hvenær sem er.

Menntaráði er heimilt að afgreiða án staðfestingar bæjarstjórnar mál á verksviði þess ef lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því, þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í starfs- og fjárhagsáætlun og þau víkja ekki frá stefnu bæjarstjórnar í veigamiklum málum.

7. gr.

Menntaráð hefur eftirlit með framkvæmd eftirfarandi laga og reglugerða byggða á þeim, eins og þau eru á hverjum tíma og að því marki sem lögin og tilheyrandi reglugerðir setja skyldur á herðar sveitarfélaga:

- a) lög um grunnskóla nr. 91/2008,
- b) lög um leikskóla nr. 90/2008,
- c) Lög um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 95/2019,
- d) lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021,
- e) lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985,
- f) reglugerð nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum og
- g) önnur lög og reglugerðir sem á hverjum tíma tengjast verkefnum ráðsins.

8. gr.

Sviðsstjóri menntasviðs, eða starfsmenn menntasviðs í hans umboði, afgreiða án staðfestingar menntaráðs, eftirfarandi:

- a) leyfi fyrir skólavist í öðrum sveitafélögum,
- b) leyfi fyrir skólavist nemenda í skólum í Reykjanesbæ sem eiga lögheimili utan Reykjanesbæjar,
- c) leyfi fyrir rannsóknnum í skólum,
- d) umsóknir um launalaus leyfi,
- e) umsóknir um leikskólavist,
- f) umsóknir um tíma vegna sérkennslu í leik- og grunnskólum og aðra sérþjónustu,
- g) leyfi fyrir leikskólavist í öðrum sveitarfélögum,
- h) leyfi fyrir leikskólavist í leikskólum Reykjanesbæjar fyrir börn sem eiga lögheimili utan sveitarfélagsins,
- i) leyfi til daggæslu barna í heimahúsum,
- j) önnur mál sem menntaráð felur sviðsstjóra menntasviðs að afgreiða.

Beiðni um endurupptöku á ákvörðunum í ofangreindum málum skal beint til menntaráðs.

Sviðsstjóri eða starfsmenn í hans umboði geta ávallt óskað eftir því að menntaráð taki ákvörðun í máli.

Menntaráð skal upplýst reglulega um mál sem starfsmenn afgreiða í umboði ráðsins.

9. gr.

Fundargerðir menntaráðs skulu teknar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum fundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarstjórnar eru fundargerðirnar lagðar fram til samþykktar í heild sinni.

Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar ber að taka þær sérstaklega fyrir enda sé í fundargerð ráðsins skilmerkilega gerð grein fyrir þeirri fyrirætlun með tillögu til bæjarstjórnar þar að lútandi. Ef mál varðar fjárhagslegar skuldbindingar bæjarins umfram fjárhagsáætlun skal ráðið vísa tillögu sinni til bæjarráðs.

V. Fundir og stafshættir

10. gr.

Sviðsstjóri menntasviðs er starfsmaður ráðsins. Hann undirbýr og boðar fundi ráðsins í samráði við formann. Hann ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum ráðsins sé hrint í framkvæmd. Sviðsstjóri menntasviðs situr fundi ráðsins og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

11. gr.

Fulltrúa er skylt að sækja alla fundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýn skyldustörf eða veikindi. Geti fulltrúi ekki sótt fund skal hann boða varamann í sinn stað.

Formaður ráðs ber ábyrgð á því að samvinna sé á milli ráða og nefnda bæjarfélagsins. Fjöldi funda menntaráðs er ákvarðaður við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert. Formanni ráðsins er heimilt að taka ákvörðun um að fella niður fund ef hún byggir á málefnalegum ástæðum.

12. gr.

Til fundar telst löglega boðað hafi allir atkvæðisbærir fulltrúar eða varamenn í forföllum aðalmanna svo og aðrir sem seturétt eiga á fundinum, verið boðaðir með að minnsta kosti eins sólarhrings fyrirvara með skriflegri dagskrá.

Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar ráðsins getur fyrirvari um boðun verið skemmri.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt það sé ekki tilgreint í dagskrá en tilkynna skal það í upphafi fundar. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver ráðsmanna óskar þess.

Fundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað og meira en helmingur atkvæðisbærra fulltrúa er mættur á fundinn. Ráðið getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

13. gr.

Um fundarsköp og málsmeðferð í menntaráð fer eftir því sem við á samkvæmt II. kafla samþykktar um stjórn Reykjaneshæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 622/2019, með síðari breytingum.

Formaður ráðsins stýrir fundum ráðsins.

Fundir ráðsins skulu jafnan haldnir fyrir luktum dyrum. Ráðið getur boðað á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins sem og aðra til viðræðna um einstaka mál.

Fulltrúar skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi ráðsins og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þó látið sé af þessum störfum. Ákvæði þetta á einnig við um aðra fundarmenn.

Menntaráð skal á fundum sínum taka fyrir þau erindi sem berast, fjalla um þau og gera tillögur um afgreiðslu þeirra til bæjarstjórnar nema bæjarstjórn hafi falið ráðinu fullnaðarafgreiðslu málsins. Á fundum er mál afgreitt með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, bæjarstjórnar eða sviðsstjóra menntasviðs.

Menntaráði er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

Menntaráð getur vísað málum til umsagnar annarra nefnda, ráða, embættismanna, eða annarra aðila.

Fulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í ráðinu.

14. gr.

Menntaráð kemur ákvörðunum sínum og stefnumótun í framkvæmd með formlegum samþykktum á lögætum fundum.

15. gr.

Ráðið skal halda gerðabók og ritari skal færa fundargerð í gerðabók. Um ritun fundargerðar gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 32. gr. samþykktar um stjórn Reykjaneshæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 622/2019, með síðari breytingum.

VI. Skipan, hæfi og skyldur fulltrúa

16. gr.

Menntaráð skal í allri sinni ákvarðanatöku hafa hagsmuni allra íbúa að leiðarljósi. Það leggur þær skyldur á fulltrúa í ráðinu að setja ávallt almannahagsmuni ofar sérhagsmunum, hvort heldur er sínum eigin eða einstakra hópa er þeir tengjast eða tilheyra.

Fulltrúar sem sitja í stjórnnum í einkareknum eða opinberum félögum, sem gætu átt hagsmuna að gæta vegna beinna eða óbeinna viðskipta við sveitarfélagið, skulu upplýsa um það. Að öðru leyti vísast til siðareglna kjörinna fulltrúa hjá Reykjanesbæ.

Fulltrúi hefur ekki atkvæðisrétt um mál sem varða hann sjálfan eða náð skyldmenni hans og skal hann í slíkum tilvikum víkja af fundi. Um hæfi fulltrúa og starfsmanna menntaráðs gilda ákvæði vísast til 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. og II. kafli stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 23. gr. samþykktar um stjórn Reykjanesbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 622/2019.

VII. Stofnanir sem heyra undir nafn ráðsins

17. gr.

Menntaráð hlutast ekki til um daglegan rekstur og starfsemi þeirra stofnana sem heyra undir ábyrgðar- og eftirlitssvið ráðsins. Engu að síður skal ráðinu gerð grein fyrir fjárhagslegri stöðu sviðsins reglulega. Ráðið hefur ekki boðvald yfir starfsfólki stofnana né starfsfólki menntasviðs. Fulltrúar koma ekki að ráðningum.

Rekstur stofnana og starfsmannamál er á ábyrgð sviðsstjóra menntasviðs og viðkomandi forstöðumanna og millistjórnenda. Forstöðumenn stofnana eru ábyrgir fyrir rekstri og starfsemi sinnar stofnunar og ábyrgir gagnvart sínum næsta yfirmanni.

VIII. Gildistaka

18. gr.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í bæjarstjórn Reykjanesbæjar og tekur gildi þann 20. júní 2023.